



Kveðja frá forseta Íslands

Hallgrímskirkja rís tignarleg á hæðinni í elsta hluta Reykjavíkur, höfuðkirkja sem helguð er mesta trúarskáldi Íslendinga.

Kirkjan er í senn miðstöð trúar og menningarlífs og einnig helsta kennileiti höfuðborgarinnar sem kallast á við fagran fjallahringinn.

Módettkór Hallgrímskirkju hefur fært höfuðborgarbúum og landsmönnum öllum fjölmargar gleðistundir. Tónleikar kórsins eru jafnan merkur viðburður. Við verkefnaval hefur kórinn og stjórnandi hans tvinnað saman fornar hefðir og nýja strauma, íslenska tónsköpun og klassísk verk.

Nú færir Módettkórinn norrænu frændfólki og vinum við Eystrasalt sýnishorn tónverka og skáldskapar sem ná frá tímum Íslendingasagna til hins blómlega tónlistarlífs nútímans.

Meðal textahöfunda eru höfuðskáld frá víkingatíma og nóbelskáld. Smiðir tónverkanna eru í senn brautryðjendur íslendrar nútímatónlistar og virtustu tónskáld samtímans sem á hverju ári færa okkur Íslendingum og umheimi öllum nýjar gjafir.

Efnisval tónleikanna er því verðugt sýnishorn af samspili tónlistar og skáldskapar í íslensku menningarlífi.

Ég óska Módettkórnum góðrar ferðar og veit að áheyrendur munu eiga með honum ógleymanlegar stundir.